



Viðburðaríku knattspyrnuári lokið – gleðilegt nýtt ár

Skemmtilegu og viðburðaríku knattspyrnuári er nú lokið og fjölmargt sem vert er að nefna sérstaklega við þessi tímamót.

Breiðablik lék fyrst íslenskra karlaliða í riðlakeppni Evrópu þegar liðið náði þeim frábæra árangri að komast í Sambandsdeildina í gegnum umspil. Þrátt fyrir fína leiki á stundum fór þó liðið stigalaust úr deildinni.

Kvennalið Víkings átti glæsilegt ár en liðið vann Mjólkurbikarinn með sigri á Breiðablik í úrslitaleik en auk þess vann liðið Lengjudeildina eftir harða baráttu um toppsætið og fer því upp í Bestu deildina ásamt Fylki.

Kvennalið Vals vann Bestu deildina þriðja árið í röð nokkuð örugglega eftir spennandi og skemmtilegt mót.

Karlalið Víkings átti sömuleiðis gott ár, vann Mjólkurbikarinn þriðja árið í röð eftir sigur gegn KA í bikarúrslitaleik og gerði sér lítið fyrir og vann jafnframt Bestu deildina örugglega.

Úrslitaleikur Lengjudeildar karla fór fram á Laugardalsvelli þar sem leikið var samkvæmt nýju fyrirkomulagi deildarinnar. Framkvæmd úrslitaleiksins, sem var í höndum ÍTF í samstarfi við Sýn, tókst með miklum ágætum, leikurinn var vel sóttur og framleiðsla fyrir sjónvarp til fyrirmyndar. Vestri og Afturelding léku til úrslita um laust sæti í Bestu deildinni tímabilið 2024 en áður höfðu Skagamenn tryggt sér sigur í deildinni og þar með sæti í deild þeirra bestu. Vestri fór með sigur af hólmi og leikur í Bestu deildinni á næsta tímabili.

Áhorfendum fjölgaði umtalsvert í Bestu deild kvenna og voru fleiri en nokkru sinni fyrr í efstu deild. Fjölgunin að lokinni hefðbundinni deildarkeppni var um 2% frá fyrra ári en að úrslitakeppninni meðtalinni var fjölgunin á milli ára um 8% en ríflega 23 þús áhorfendur sóttu leikina í Bestu deild kvenna á tímabilinu.

Ánægjuleg þróun og hefur ÍTF óskað eftir því við KSÍ að eiga í samstarfi um að auka enn frekar sýnileika knattspyrnu kvenna á Íslandi og von á viðbrögðum á nýju ári.

Áhorfendum fjölgaði einnig í Bestu deild karla um 8% frá fyrra ári en tæplega 135 þúsund áhorfendur sóttu leiki Bestu deildarinnar á tímabilinu og er sá mesti síðan fyrir Covid.

Á árinu varð ÍTF fullgildur aðili að European Leagues eins og fram kemur annars staðar í fréttabréfinu.

ÍTF í samstarfi við Gallup framkvæmdi viðhorfskönnun um íslenskan fótbolta og komu mikilvægar upplýsingar út úr þeirri könnun sem hægt verður að nýta í samanburði á komandi tímabilum.

Mikil fjölgun var á fylgjendum Bestu deildanna á samfélagsmiðlum á árinu eða samtals um 56% frá upphafi tímabils til loka. Sett hafa verið markmið um að fjölga fylgjendum Bestu deildanna á samfélagsmiðlum að lágmarki um 25% á ári næstu keppnistímabil.

Útsendingar frá Bestu deild karla voru gerðar aðgengilegar á erlendra grundu endurgjaldslaust á tímabilinu en hægt er að horfa á leiki deildarinnar á vefsíðum OneFootball og FIFA+.

ÍTF greiddi út til aðildarfélaga um 290 milljónir króna á árinu 2023 sem er nokkru meira heldur en á árinu 2022.

Besta deild kvenna er í 15. sæti deilda í Evrópu í lok árs og heldur sama sæti og árið 2022.

Besta deild karla er í 41.sæti deilda í Evrópu í lok árs og hefur færst upp um 7 sæti á árinu.

ÍTF óskar aðildarfélögum sínum og öllum knattspyrnuunnendum gæfuríks árs og þakkar fyrir knattspyrnuárið 2023.



ÍTF er aðili að sjálfbærniverkefni Sameinuðu þjóðanna

ÍTF varð nýlega aðili að sjálfbærniverkefni Sameinuðu þjóðanna (SP), „Football for the goals“ sem er verkefni sem SP hafði frumkvæði af að setja á fót og tilgangurinn er að veita fótoltasamfélaginu á alþjóðavísu vettvang til þess að taka þátt í og berjast fyrir sjálfbærni samfélaga. Knattspyrnusamfélagið er gríðarlega öflugt og með þessu verkefni er ætlunin að reyna að nýta það samfélag til þess að vekja athygli á mikilvægi sjálfbærni jafnframt því að knattspyrnusamfélagið sjálft mun innleiða eftir getu sjálfbærnistefnu í sinni starfsemi.

Fjöldmörg knattspyrnusambönd og deildasamtök eru aðilar að þessu verkefni SP, s.s. knattspyrnusambönd Noregs, Danmerkur og Írlands og deildasamtök Þýskalands, Ítalíu, Noregs og Belgíu auk ÍTF nú.

Meðlimir í Football for the goals vinna með ákveðna nálgun í starfsemi sinni og í tilfelli deildasamtaka, kynna fyrir aðildarfélögum sínum þessar nálganir og hvetja þau til þess að vinna jafnframt samkvæmt þeim í sinni starfsemi.

Í nálgun Football for the goals felst m.a. að nýta auðlindir án þess að það hafi skaðleg áhrif á komandi kynslóðir, efla mannréttindi og jafnrétti hvers konar, berjast gegn hvers kyns mismunun og loftslagsbreytingum.

Í þátttöku ÍTF felast engar skuldbindingar af hálfu hvers og eins aðildarfélags nema þau kjósi sjálf að taka þátt í verkefninu. Hlutverk ÍTF verður að kynna verkefnið fyrir aðildarfélögum og kynna þá möguleika sem felast í þátttökunni.

ÍTF fundaði með fulltrúum SP og fulltrúum norsku deildasamtakanna (Norsk Toppfotball) áður en ákvörðun var tekin um að sækja um aðild og var umsókn send inn 17.október s.l. Umsóknin var svo samþykkt og staðfest af SP þann 16.nóvember.

Á næstu misserum mun ÍTF kynna þá möguleika sem í verkefninu felast fyrir aðildarfélögum og þau í framhaldinu ákveðið með hvaða hætti þau taka þátt kjósi þau að gera svo.

Allar upplýsingar um verkefnið má finna hér [Football for the Goals | United Nations](#)

Deildir sem eiga aðild að Football for the goals

- DFL Deutsche Fußball Liga (Þýska deildin)
- Icelandic Toppfootball (Besta deildin)
- Lega Nazionale Dilettanti Lombardia (Ítalska amateur deildin)
- Lega Nazionale Professionnel Seria A (Ítalska efsta deild)
- Ligue de Football Professionel (Franska efsta deild)
- Liga Portugal do Futebol (Portúgalska efsta deild)
- Norwegian Top Football (Norska efsta deild)
- Pro League (Belgíska efsta deild)
- Puerto Rico Soccer League (Púertó Ríkó efsta deild)
- UAE Pro League (Sam.arabísku furstadæmin efsta deild)



Árþing European Leagues í Riga – ÍTF formlega aðili


Árþing European Leagues var haldið í Riga í Lettlandi dagana 26. – 27.október s.l. og voru fulltrúar ÍTF að sjálfsögðu á staðnum. Orri Hlöðversson formaður og Birgir Jóhannsson framkvæmdastjóri sóttu þingið fyrir hönd ÍTF en það var að þessu sinni haldið í samstarfi við Lettnesku deildina, Virsliga.

Á dagskrá þingsins voru fjölmörg málefni, s.s. málefni knattspyrnu kvenna, skipting fjármuna vegna Evrópukeppna, samstöðugreiðslur til félaga sem ekki taka þátt í riðlakeppnum á árunum 2024 – 2027, þátttaka stuðningsmanna o.fl. Á þinginu var formlega samþykkt að ÍTF, sem verið hefur umsóknarmeðlimur European Leagues undanfarin ár, er nú fullgildur meðlimur innan samtakanna.

Þátttaka ÍTF innan European Leagues er gríðarlega mikilvæg aðildarfélögum ÍTF þar sem fjölmörg hagsmunamál eru rekin sameiginlega gagnvart öðrum aðilum innan knattspyrnunnar í Evrópu, s.s. gagnvart UEFA. Mikilvægasta hagsmunamálið nú eru samstöðugreiðslur til þeirra knattspyrnufélaga sem ekki leika í riðlakeppni Evrópu og þar lítur út fyrir að veruleg hækkun verði á þeim greiðslum á næstu árum.



Framkvæmdastjórinn Birgir að láta ljós sitt skína í sjónvarpsviðtali í Riga



Aðeins um 53% af heildartekjum bikars fara til aðildarfélaga

Fram kemur í fundargerð stjórnar KSÍ frá 29.nóvember s.l. að gert sé ráð fyrir að KSÍ verði rekið með verulegu tapi árið 2023 og eru helstu ástæður aukinn kostnaður vegna landsliða á árinu. Jafnframt kemur fram stjórnin hafi rætt ítarlega hvort hægt sé að draga úr rekstrartapinu með mótvægisáðgerðum á lokametrum ársins eins og það er orðað.

Á sama stjórnarfundinu eru svo samþykktar greiðslur til aðildarfélaga KSÍ vegna bikarkeppninnar árið 2023 hjá körlum og konum og samþykkir stjórn að skerða verulega greiðslur miðað við árin á undan.

Í fjölmörg ár hefur verið litið svo á að allar réttindagreiðslur vegna bikarkeppninnar fari óskertar til aðildarfélaga en nú hefur stjórn KSÍ samþykkt að skerða þessar greiðslur og taka um 11 milljónir af 27 milljón króna réttindagreiðslum til greiðslu kostnaðar sem ekki hefur verið gert í fjölmörg ár eins og áður segir. Auk þessa greiða aðildarfélögin þátttökugjöld í bikarnum sem eru nálægt 3 milljónum á árinu 2023.

Af heildartekjum keppninnar að upphæð um 30 milljónir króna fara því um 14 milljónir króna beint inn í rekstur KSÍ en áður fóru þessir fjármunir óskiptir til aðildarfélaga. Félögin fá því í sinn hlut um 16 milljónir eða um 53% af heildartekjum keppninnar.


Rétt er að vekja athygli á því að hér er um verulega viðhorfsbreytingu að ræða frá því sem áður hefur verið.

Ef þróunin frá 2020 er skoðuð þá greiddi KSÍ tvær milljónir til aukalega til aðildarfélaga umfram tekjur af keppninni, samtals fóru þá um 32 milljónir króna til aðildarfélaga framreiknað á verðlagi í árslok 2023. Sama var uppi á teningnum árið 2021 en árið 2022 greiddi KSÍ ekki þetta aukaframlag og svo árið 2023 eru tekur um 14 milljónir af tekjum keppninnar til reksturs KSÍ vegna kostnaðar við dómara í keppninni.

Stjórn KSÍ breytti reglugerð um bikarkeppnina í janúar 2023 á þann veg að tekjur skuli skiptast á milli þátttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. Félögum var tilkynnt um þessa breytingu á reglugerð með dreifibréfi í mars 2023 eða rúmum tveimur mánuðum eftir að breytingin var samþykkt í stjórn KSÍ. Engin umræða varð því um þessa breytingu á ársþingi sem fram fór í febrúar.

Það vekur auðvitað furðu að stjórn KSÍ taki þá ákvörðun að draga úr greiðslum til aðildarfélaga sinna, stórra og smárra, til þess að draga úr rekstrartapi vegna framúrkeyrslu í landsliðsverkefnum. Ekkert hefur komið fram í fundargerðum þess efnis að brugðist hafi verið við rekstrartapi með endurskoðun á landsliðsverkefnum og þar til slíkar upplýsingar liggja fyrir er ljóst að ætlunin er að láta fjárvana aðildarfélög KSÍ taka þátt í greiða niður framúrkeyrslu landsliða.

Stjórn KSÍ má hafa verið ljóst í marga mánuði að kostnaður vegna landsliða færi langt fram úr áætlun, ákvörðun um landsliðsþjálfaraskipti A landsliðs karla var tekin á vordögum og önnur verkefni lágu fyrir snemma á árinu.



70% sætanýting í Bestu deild karla miðað við uppgefninn sætafjölda

Eins og áður hefur komið fram jókst áhorfendafjöldi í Bestu deild karla um 8% á milli áranna 2022 og 2023 sem eru jákvæð tíðindi en þess má geta að nánast alls staðar í Evrópu er áhorfendum að fjölga mjög og hvert áhorfendamentið slegið af öðru. Ef skoðuð er sætanýting á völlum í Bestu deild karla kemur ýmislegt athyglisvert í ljós en sætafjöldi í þessum samanburði miðast við þann sætafjölda undir þaki sem gefinn er upp á heimasíðu KSÍ.

KA er með bestu sætanýtinguna í „bráðabirgðaaðstöðu“ sinni á Akureyri þar sem ekki er komin fullbúin stúka. Sætafjöldi þar er reyndar ekki undir þaki en hins vegar er miðað við uppgefninn sætafjölda í núverandi stúku sem eru 511 sæti en meðaláhorfendafjöldi á heimaleikjum KA voru 611 áhorfendur og er KA því með 120% nýtingu.

Tvö önnur félög eru með yfir 100% nýtingu sé miðað við uppgefninn sætafjölda, annars vegar ÍBV með 107% sætanýtingu miðað við 480 sæti í stúkunnni og svo Víkingur með 102% nýtingu miðað við 1149 sæti sem gefin eru upp í þeirra stúku.

Lægsta sætanýting er hjá FH eða 49% en FH er með flest sæti gefin upp á heimasíðu KSÍ eða 1900 undir þaki stúkunnar. Meðaláhorfendafjöldi FH var 930 á leik í sumar. Fylkir og Fram eru svo með 54% og 56% nýtingu en sætafjöldi á þeim völlum er annars vegar 1650 hjá Fram og 1854 hjá Fylki.

Meðal sætanýting á völlum í Bestu deild karla var 70% sem verður að teljast nokkuð gott en meðalsætafjöldi á völlum deildarinnar eru 1218 sæti undir þaki og var áhorfendafjöldinn 854 að meðaltali á leik.

Samantekt þessi er fyrst og fremst til gamans gerð og allar upplýsingar ekki alveg sambærilegar á milli leikvalla.

Aðalfundur ÍTF og ársþing KSÍ í febrúar

Aðalfundur ÍTF ber að halda einu sinni á ári eigi síðar en viku fyrir ársþing KSÍ ár hvert. Ársþing KSÍ verður haldið 24.febrúar n.k. í húsakynnum Fram í Úlfarsárdal og er áætlað að aðalfundur ÍTF verði haldinn miðvikudaginn 14.febrúar.

Í aðdraganda ársþings KSÍ munu aðildarfélög ÍTF koma saman á fundum og ræða undirbúning þingsins, m.a. leggja fram tillögur til breytingar á reglugerðum og hugsanlega lögum, ræða ýmis málefni sem vert er að koma inn í umræðu ársþings auk þess sem áætlað er að boða frambjóðendur til formanns KSÍ til fundar með aðildarfélögum þegar framboðsfrestur rennur út eða í vikunni 12 – 18 febrúar.

Aðrir viðburðir eða fundir sem áætlaðir eru fyrir aðalfund ÍTF eru m.a. fundir um stefnumótun ÍTF, kynningarfundur þar sem niðurstöður úr viðhorfskönnun Gallup verða kynntar sem og kynning fyrir aðildarfélög á „Football for the goals“ sem getið er hér annars staðar í fréttabréfinu



Frá síðasta aðalfundi ÍTF



Hópurinn samankominn á Parken fyrir leik FCK og Man.Utd.

Vel heppnuð fræðsluferð til Danmerkur og Svíþjóðar

ÍTF skipulagði fræðsluferð til Danmerkur og Svíþjóðar dagana 5. – 9. nóvember s.l. en ferðin var ætluð framkvæmdastjórum og markaðsstjórum aðildarfélaga ÍTF. 19 fulltrúar frá 12 félögum fóru í ferðina ásamt tveimur fulltrúum frá ÍTF, Birgi framkvæmdastjóra og Birni markaðsstjóra. Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að kynnst leikdags upplifun á völlum í Danmörku, fá upplýsingar um dönsku deildasamtökin og hvað félög í Danmörku og Svíþjóð hafa gert til þess að reyna að fjölga áhorfendum á leikjum sínum. Bæði danska deildin og sú sænska hafa fjölgað áhorfendum á völlum umtalsvert undanfarið og báðar deildir slegið áhorfendamet hjá sér á líðandi keppnistímabili. Það kom jafnframt fram í einum fyrirlestri sem hópurinn fékk að á öllum norðurlöndunum er það aðeins í Danmörku sem efsta deildin er vinsælli heldur en enska úrvalsdeildin, Premier League, alls staðar annars staðar er enska deildin vinsælli heldur en efsta deild viðkomandi lands. Varðandi efstu deild karla á Íslandi þá er það í samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunar Gallup sem gerð var fyrir ÍTF í október.

Þéttskipuð dagskrá var alla dagana og m.a. farið á 4 leiki, 3 leiki í Superligan í Danmörku og svo á Meistaradeildarleik FC Copenhagen og Man.Utd.

Sunnudaginn 5. nóvember var farið á tvo leiki í dönsku efstu deildinni, annars vegar á Nordsjælland leikvanginn og hins vegar á leikvang Hvidovre en í báðum tilfellum fengu þátttakendur stutta kynningu á því hvað félögin hafa verið að gera til þess að lokka að fleiri áhorfendur.

Á mánudeginum var svo ferðast til Brøndby og dönsku deildasamtökin heimsótt þar sem Claus Thomsen, framkvæmdastjóri samtakanna, kynnti starfsemina og stefnu þeirra næstu árin auk þess sem hópurinn fékk fyrirlestur um dönsku efstu deildina, Superliga. Því næst var svo Brøndby IF heimsótt og fékk hópurinn sérstaka kynningu á því hvernig félagið hefur unnið markvisst að því að bæta upplifun stuðningsmanna á leikdegi. Dagskrá mánudagsins lauk svo með leik Brøndby IF gegn AGF í Superliga.

Þriðjudagurinn hófst með ferðalagi til Malmö þar sem fulltrúar félagsins tóku á móti hópnum og hélt kynningar um langtímasýn, sölu varnings og fleira í starfseminni sem var afar fróðlegt. Að þeirri heimsókn lokinni var haldið aftur til Kaupmannahafnar og FC København heimsótt þar sem fræðst var um ýmis málefni félagsins, miðasölukerfi, samstarf við styrktaraðila, samstarf við stuðningsmenn og ýmislegt annað sem við getum sótt vitneskju í. Deginum lauk svo með Pub Quiz hjá hópnum en engum sögum fer af úrslitum í því.

Íslendingaklúbburinn Lyngby var heimsóttur snemma dags á miðvikudeginum og fékk hópurinn góða innsýn í hvað þar hefur átt sér stað á undanförunum árum en öll starfsemin þar hefur tekið miklum stakkaskiptum s.l. 5 ár eða svo. Tekist hefur að skapa sérstakt andrúmsloft á heimavelli liðsins og eru leikirnir hjá liðinu afar vel sóttir. Fjölmarginir Íslendingar hafa gert sér ferð til Lyngby eftir að Freyr Alexandersson tók við þjálfun liðsins og íslenskir leikmenn hófu að leika með því. Seinni part dags var svo haldið á Parken þar sem fram fór leikur FC København gegn Man.Utd. í Meistaradeild Evrópu. Óhætt er að segja að hópurinn hafi ekki orðið fyrir vonbrigðum með þann leik.

